Verðlagsákvæði (1941)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

343.083
Ísl

Verðlagsákvæði.

LANDSBÓKASAFN
№ 150357
ÍSLANDS

Prentað í nóvember 1941.

Lög um verðlag.

Nr. 118
2. júlí
1940

1. gr. — Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að annaðhvort útsöluverð eða verzlunarálagning í umboðssölu, heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum, eða hvorttveggja, megi ekki vera hærra en verðlagsnefnd ákveður. Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, að setja almennar reglur eða ákvæði um verðlag og álagningu. Heimild þessi tekur einnig til taxta á viðgerðum, smíði, saumaskap o. s. frv., í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun.

Undanþegnar hér frá eru þær vörutegundir, sem verðlagar eru samkvæmt sérstökum lögum, enn fremur allar vörur, sem seldar eru úr landi.

2. gr. — Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðila, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra mann í nefndina í hans stað.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

3. gr. — Hlutverk verðlagsnefndar er að hafa eftirlit með verðlagi í landinu og setja verðlagsákvæði samkvæmt 1. gr., ef nefndin telur það æskilegt.

Ríkisstjórnin getur, samkvæmt tilnefningu bæjar- eða sveitarstjórna, skipað eftirlitsnefndir á hinum einstöku verzlunarstöðum, verðlagsnefnd til aðstoðar.

4. gr. — Verðlagsnefnd skal heimilt að skipta landinu í verðlagssvæði, ef henni þykir ástæða til.

5. gr. — Nefndin hefur vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar, bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum, um innkaupsverð, útsöluverð, framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

6. gr. — Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð, hámarksálagningu eða um aðrar verðlagsreglur eða ákvæði skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Birting verðlagsákvæða skal framkvæmd, eftir því sem hagkvæmast þykir, annaðhvort með opinberri auglýsingu eða með bréflegri tilkynningu til þeirra, sem þeim eiga að lúta.

7. gr. — Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almennt tíðkast í hverri verzlunargrein, er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar.

8. gr. — Sá, sem hækkar verð á vörum eða í viðskiptum, sem fallið geta undir ákvæði laga þessara, skal, hvenær sem þess er óskað af verðlagsnefnd eða eftirlitsmönnum, vera skyldur til að færa sönnur á, að hækkunin brjóti ekki í bág við ákvæði laganna.

9. gr. — Bannað er að halda vörum, sem keyptar

Nr. 118
2. júlí
1940

eru eða tilbúnar til sölu, úr umferð, í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegur var á þeim tíma, sem þær hefðu að öllu venjulegu átt að seljast.

10. gr. — Verðlagsnefnd getur ákveðið, að samþykktir eða ákvarðanir félaga eða einstakra fyrirtækja um hækkun verðs skuli, ef hækkunin telst að hafa mikla þýðingu að því er snertir verðlag á einni eða fleiri vörutegundum um land allt eða í einstökum héruðum, verða að tilkynnast verðlagsnefnd áður en hækkunin kemur til framkvæmda. Verðhækkunin má ekki, nema verðlagsnefnd undir sérstökum kringumstæðum heimili það, koma til framkvæmda fyrr en 4 dögum eftir að verðlagsnefnd var tilkynnt, að verðhækkunin hefði verið fyrirhuguð.

Ef verðlagsnefnd finnst ástæða til að rannsaka nánar þörfina fyrir verðhækkun, sem tilkynnt hefur verið að fyrirhuguð væri, getur nefndin bannað að hækka verðið fyrr en hún hefur kynnt sér málið nánar, enda skal slíkum athugunum hraðað svo sem auðið er.

Þegar verðlagsnefnd hefur lokið athugunum sínum, skal hún tilkynna hlutaðeiganda, hvort hún hefur nokkuð við hina fyrirhuguðu verðhækkun að athuga.

Verðlagsnefnd birtir opinberlega tilkynningu um það, hvaða vörur eða viðskipti séu tilkynningarskyld vegna verðhækkunar.

11. gr. — Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og eftirlit með þeim, svo og um skipun og starfssvið eftirlitsnefnda samkv. 3. gr., setur ríkisstjórnin með reglugerð.

Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem

ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður við eftirlitsnefndir samkvæmt tilnefningu bæjar- og sveitarstjórna skal þó greiðast af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélögum.

12. gr. — Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar, svo og öðrum þeim, er kann að verða falið eftirlit með framkvæmd laganna, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 5. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

13. gr. — Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem kunna að verða settar samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða allt að 10000 króna sektum. Enn fremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

14. gr. — Mál út af brotum á ákvæðum 12. gr. og 2. mgr. 13. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

15. gr. — Með lögum þessum eru úr gildi numin lög

Nr. 118 2. júlí 1940

nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, lög nr. 14 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

16. gr. — Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

9. marz 1939

Samkvæmt lögum nr. 70 frá 1937 hafa verið sett eftirfarandi ákvæði um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

1. gr. — Verðlagsnefnd hefur eftirlit með því, að ákvörðunum um hámarksverð eða hámarksálagningu sé fylgt. Enn fremur er ráðherra heimilt að fela lögreglustjórum eða tollgæzlumönnum eftirlitið, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

2. gr. — Skal eftirlitsmönnum heimilt að krefjast hverra þeirra upplýsinga, er þeir telja nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits samkvæmt 1. gr. Þar á meðal skal þeim heimill aðgangur að vörubirgðum, bókum og skjölum varðandi verzlunina, enda séu eftirlitsmennirnir bundnir þagnarskyldu samkvæmt 7. gr. framangreindra laga.

3. gr. — Við eftirlit sitt skulu eftirlitsmenn færa athugasemdir sínar í sérstakar gerðabækur, og skal þeim heimilt að krefjast þess, að verzlunareigendur eða fulltrúar þeirra kvitti fyrir, að bókun um innkaupsverð og útsöluverð sé rétt.

4. gr. — Allir þeir, sem selja vörur beint til neytenda og verðlagsákvæði hafa verið sett um, skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, merkja

vörurnar með útsöluverði eða auglýsa útsöluverðið á svo áberandi hátt á sölustaðnum, að auðvelt sé fyrir viðskiptamennina að lesa það. 9. marz 1939

Á þetta undantekningarlaust við um þær vörur, sem settar eru til sýnis í búðargluggum, sýningarkössum eða á annan hátt.

Verðið má setja á vöruna sjálfa á viðfestan miða, eða á umbúðir vörunnar.

5. gr. — Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglur um verðlagningu vara, sem verðlagsnefnd hefur sett eða setur hámarksálagningu á.

1. Verð vöru, sem álagning reiknast af, kallast kostnaðarverð. Í kostnaðarverðinu mega teljast, ef fyrir koma, eftirgreindir kostnaðarliðir, auk innkaupsverðs: 23. júlí 1941

Flutningsgjald (þar með talin flutningsmiðlun (spedition)).

Sjóvátrygging og stríðsvátrygging.

Bankakostnaður, annar en vextir. Þó má reikna nauðsynlega vexti vegna bankatryggingar (rembours).

Póstskoðun og leyfisgjald.

Tollar.

23. júlí 1941

Hafnargjald (bryggjugjald).
Uppskipun.
Pakkhúsleiga (ef áfallin hjá skipaafgreiðslu, annars ekki).
Heimflutningur á sölustað.
Brunatrygging.

2. Ofangreinda kostnaðarliði má því aðeins leggja við innkaupsverð vöru, áður en álagning er reiknuð, að sannanlegt sé, að þeir falli raunverulega, eins og þeir eru tilfærðir, á það innkaupsverð, sem álagning er reiknuð af.

   Enga aðra kostnaðarliði, en að ofan greinir, skal heimilt að leggja við innkaupsverð vöru áður en álagning er reiknuð, nema með skriflegru leyfi verðlagsnefndar.

3. Geti verzlun sannað, að hún hafi fastan umboðsmann eða útibú á fjarlægum stað, til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, og greiði umboðslaun í því sambandi, má verzlunin, að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki verðlagsnefndar á hæð umboðslaunanna, reikna þau með í kostnaðarverði vörunnar.

4. Hámarksálagningu í heildsölu og smásölu má aðeins leggja einu sinni á sömu vöru. Þó er verzlunum heimilt að skipta sín á milli álagningunni, en aldrei má hin samanlagða álagning fara fram úr hámarksálagningu þeirri, sem heimiluð er.

   Þegar skipta þarf álagningunni, er sú verzlun, sem annarri selur, skyld til þess að sýna á sölureikningi sínum eða láta verzlunina, sem kaupir, vita skriflega á annan hátt, hvað hámarksútsöluverðið sé, samkvæmt verðlagsákvæðunum.

5. Framangreindar reglur um verðreikning skulu gilda fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, um verðreikning allra þeirra vara, sem hámarksálagning hefur verið sett á eða kann að verða sett á. 23. júlí 1941

Hámarksákvæði:

Reiðhjólahlutar. 25. okt. 1940

Dekk, slöngur, sæti, stýri, pedalar, gjarðir, frihjól, framná, bjöllur, bretti, luktir, lásar, handföng og keðjur.

Álagningin má ekki vera hærri en hér segir:

1. Í heildsölu ..... 20 %
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 35 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 55 %

Ávextir. 20. des. 1940

Nýir ávextir:

Í heildsölu	15 %
Í smásölu	45 %

Þurrkaðir ávextir:

Í heildsölu	12 %
Í smásölu	38 %

Salt. 23. maí 1941

1. Innkaupsverð, flutningsgjald, vátrygging, tollur, uppskipun og hafnargjald reiknist allt samkvæmt kostnaðarreikningi.

23. maí 1941

2. Umboðslaun fyrir útvegun á heilum förmum eða farmhlutum má reikna allt að 2% af cifverði, en 3% af fobverði.
3. Rýrnun: Heildsali, sem selur vigtað beint frá skipi, má reikna allt að 3% fyrir rýrnun í skipi. Í smásölu má reikna fyrir rýrnun allt að 5% af kostnaðarverði vörunnar, enda liggi smásali með saltið venjulegan sölutíma.
4. Rekstursfjárvexti má reikna samkvæmt því, sem telst þurfa að meðaltali, miðað við það að selja vöruna gegn staðgreiðslu. Sé um lánsverzlun að ræða, er heimilt að taka lágmarksforvexti. En öllum kaupendum skal fyrst og fremst tilkynnt um staðgreiðsluverðið.
5. Húsaleigu má reikna kr. 2.00 pr. tonn.
6. Afhendingu má reikna pr. tonn eins og verkakauptaxti er á hverjum stað og tíma pr. 1 klst.
7. Álagningu í smásölu má reikna 5% af kostnaðarverði vörunnar.

23. júlí 1941

Kornvörur, kaffi og sykur.

1. Í heildsölu:
   a. Rúgmjöl, hveiti, heilhveiti, hrísgrjón, haframjöl og hafragrjón, baunir, hænsnafóður, maís, maísmjöl, kaffi (óbrennt), molasykur, strásykur, púðursykur og kandís ..... 7,5 %
   b. Kartöflumjöl, hrísmjöl, semulugrjón og sagogrjón ..... 10 %
2. Í smásölu: Á vörutegundum þeim, sem tilgreindar eru í a- og b-lið hér að ofan .... 30 %

Vafnaðarvara. 23. júlí 1941

1. Karlmannafataefni, frakkaefni, dragtaefni, rykfrakkar, regnkápur, húsgagnaáklæði, gólfteppi og gólfdreglar.
   Í heildsölu ..... 13 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 35 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 45 %
2. Léreft, sængurveraefni, flónel, sirs, tvisttau, lastingur, vasafóður, ermafóður, millifóður, hárdúkur, boldang, skyrtuefni, flauel, kjólatau, kvenkáputau, blússuefni, nankin, khaki, handklæði og handklæðadreglar, borðdúkar og borðdúkadreglar, serviettur, gluggatjöld og gluggatjaldaefni, manchettskyrtur og aðrar milliskyrtur karla, flibbar, hálsbindi, hálsklútar, treflar, nærfatnaður karla og kvenna, náttföt, peysur, prjónagarn, tvinni, sundskýlur, sundbolir, axlabönd, sokkar (aðrir en silkisokkar), sokkabönd, sokkabelti, corset, corselet, svuntur, sloppar, hanzkar, vinnuvetlingar, húfur og hattar karla og kvenna, regnhlífar, gólfklútar, þurrkur, vasaklútar.
   Í heildsölu ..... 13 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 42 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 53 %
3. Silkisokkar:
   Í heildsölu ..... 20 %

23. júlí 1941

Í smásölu:

a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 50 %

b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 65 %

Byggingarvörur.

1. Cement, steypustyrktarjárn, þakjárn (bárujárn og slétt járn) og steypumótavír ..... 19 %
2. Miðstöðvarofnar, miðstöðvarkatlar, baðvatnsgeymar, eldavélar, vatnsleiðslurör, þakplötur og þakhellur, gólfflísar, einangrunarplötur (kork), húsastrigi (í heilum rúllum), þakpappi, filtpappi, loftpappi, veggjapappi, maskinupappír ..... 27 %
3. Þvottapottar, baðker og vaskar (steyptir), skolprör (úr potti), veggflísar ..... 30 %
4. Baðker, vaskar og selerni (fajance) ..... 36 %
5. Vatnskranar ..... 40 %
6. Fittings ..... 45 %
7. Linoleum og gúmmí á gólf, ganga og stiga:
   a. Í heilum rúllum ..... 20 %
   b. Bútað ..... 27 %
8. Saumur:
   Í heildsölu ..... 15 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 30 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 35 %

19. sept. 1941

Timbur.

1. Allur algengur húsa- og skipaviður, svo sem fura, greni, eik (skipaeik), pitch pine og oregon pine ..... 35 %

2.	Krossviður, gabon og masonite	35 %	19. sept. 1941
3.	Allur annar viður	40 %	
4.	Sé viður úr 1. flokki keyptur hingað fullþurrkaður, skal gilda sama álagning, en sé hann þurrkaður hér má reikna 10% aukaálagningu eða samtals	45 %	

Ef byggingavöruverzlun kemur fram sem heildsali gagnvart annarri verzlun, og þurfi af þeim ástæðum að skipta álagningunni, má heildsöluverzlunin (innflytjandinn) reikna 3% umboðslaun umfram ofangreinda hámarksálagningu, og láta þannig koma til skipta þeim mun hærri álagningu á milli hlutaðeigandi verzlana. Þessa aukaálagningu má innflytjandi því aðeins reikna, að varan sé seld í annað verzlunarumdæmi, og vitað sé, að sá aðili, sem kaupir, hafi þar opna verzlun með byggingavörur.

Umbúðapappír.

	Í heildsölu	14 %	

Málning og málingarvörur. 23. júlí 1941

1.	Krít	30 %	
2.	Olíurifin málning, ryðvarnarmálning, löguð olíumálning, lökk lituð og litlaus, distemper, terpintína, þurrkefni, kítti, tjara, blackfernis, lím (perlulím), málningarpenslar ..	35 %	
3.	Fernisolía:		
	a. Í heilum tunnum	15 %	
	b. Í lausri vigt	40 %	

23. júlí 1941

Búsáhöld.

1. Leir-, postulíns- og glervörur:
   Í heildsölu ..... 27 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 47 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 64 %
2. Emailleruð mataráhöld og búsáhöld, önnur en hitunartæki fyrir rafmagnseldavélar:
   Í heildsölu ..... 18 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 45 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 55 %
3. Alumín- og emailleruð suðuáhöld fyrir rafmagnseldavélar:
   Í heildsölu ..... 15 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 30 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 40 %
4. Önnur alumín-, bús- og mataráhöld:
   Í heildsölu ..... 20 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 40 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 55 %
5. Borðbúnaður og ýmis eldhúsáhöld og búsáhöld, svo sem: Borðhnífar, gafflar, matskeiðar, teskeiðar, búrhnífar, brauðhnífar, kaffikvarnir, pönnur (járn), vöfflujárn, kolaausur, þvottabalar og fötur, kökuform,

bollabakkar (úr öðru en silfri eða pletti), eldhúsvogir, gormvogir:

Í heildsölu ..... 16 %

Í smásölu:

a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 38 %

b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 50 %

6. Þvottavindur og kjötkvarnir:

Í heildsölu ..... 13 %

Í smásölu:

a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 28 %

b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 35 %

7. Handverkfæri og ýmsar járnvörur, svo sem: Sagir, sagarblöð, hamrar, axir, þjalir, skrúflyklar, naglbítar, hjólsveifar, hófjárn, sporjárn, rörtengur, heflar og hefiltennur, glerskerar, vasahnífar, skæri, hurðarhandföng, lamir, skrár, hengilásar, smekklásar:

Í heildsölu ..... 16 %

Í smásölu:

a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 35 %

b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 50 %

Undanþága.

Undanþegin frá framangreindum ákvæðum eru búsáhöld og vefnaðarvörur, verðlagðar fyrir 15. júlí 1941, enda skulu fyrri ákvæði gilda áfram um þær vörur.

Dagsetning tollreiknings eða reiknings innlendrar verksmiðju eða heildsölu skal skera úr um það, hvort vara hefur verið verðlögð fyrir 15. júlí eða ekki.

17. okt. 1941 **Skófatnaður.**

1. Gúmmískófatnaður, að undanskildum kvensnjóhlífum (bomsum), kvenskóhlífum og strigaskóm með gúmmíbotnum, sem falla undir 3. flokk.
   Í heildsölu ..... 12 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 27 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 37 %
2. Götu- og samkvæmisskór kvenna.
   Í heildsölu ..... 12 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 37 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 47 %
3. Allur annar skófatnaður.
   Í heildsölu ..... 12 %
   Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 32 %
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum .... 42 %

24. okt. 1941 **Saumavélar.**

Í heildsölu ..... 12 %
Í smásölu:
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum ..... 25 %
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum ..... 35 %

Gutenberg.